

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993, með síðari breytingum, lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998, með síðari breytingum, lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Reglugerðin er tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/EBE um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. desember 2003

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpurðun í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Sorphirðugjald í þéttbýli þar sem sorphirða fer fram:

Árlegt gjald miðað við ílát er sem hér segir:

Sorphirðugjald á ílát, íbúðarhúsnæði kr. 7.700

Sorphirðugjald á ílát, sumarhús kr. 2.640

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

2. gr.

Árlegt sorpurðunargjald frá atvinnurekstri og húsnæði í dreifbýli svo og öðru húsnæði og stofnunum, sem nota gáma og/eða hafa aðgang að urðunar- og söfnunarsvæðum sveitarfélagsins. Fyrirtækjum er raðað í flokka samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar miðað við magn og umfang úrgangs. Gjaldið er sem hér segir:

I.

Flokkur 1	kr.	6.000
Flokkur 2	-	36.000
Flokkur 3	-	108.000
Flokkur 4	-	216.000
Flokkur 5	-	432.000

Gjalddagi er 1. júní ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

II.

Bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	kr.	7.500
Þjónustubýli	-	3.500
Sumarbústaðir	-	1.750

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

3. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu skal beina til tæknideildar sveitarfélagsins.

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Sveitarfélaginu Skagafirði er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar er sett skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingu svo og samþykkt fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Skagafirði og öðlast gildi þann 1. janúar 2004.

Sauðárkróki, 16. desember 2003.

Ársæll Guðmundsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 2004.

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga. Tekjuskattshlutfall á árinu 2004 verður 25,75%. Meðalútsvar á árinu 2004, samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 12,83%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2004 verður því 38,58%.

Fjármálaráðuneytinu, 18. desember 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Jón Guðmundsson.

SKIPULAGSSKRÁ

Styrktarsjóðs Guðmundu Andrésdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Guðmundu Andrésdóttur. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er arfur skv. erfðaskrá Guðmundu Andrésdóttur, kt. 031122-2449. Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, en gjafafé sem sjóðnum kann að áskotnast, skal leggjast við hann og ávaxtast með sama hætti (sbr. 3. gr.).